



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ

7. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2018

FIMMTUDAGINN 15. NÓVEMBER KL. 12:30

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf:

Nemandi sækir um undanþágu í dönsku til stúdentsprófs – vísað til skólameistara til afgreiðslu

Tveir nemendur segja sig frá námi

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Salsaballið tókst vel og allir mjög ánægðir. Nú er árshátíðarundirbúningur á fullu og mikilvægt að festa húsnæði og skemmtikrafta með góðum fyrirvara. Í næstu viku er stefnt á að hafa vökunótt í skólanum og svo ætlar NFFG að bjóða nemendum upp á kakó og piparkökur í síðustu kennsluvikunni.

3. Önnur mál

Undirbúningur í gangi fyrir dimission og kvöldverð útskriftarefna með kennurum í síðustu kennsluviku.

Fundinn sátu:

Anna Sigríður Brynjarsdóttir, fulltrúi kennara
Auður Sigurðardóttir, náms-og starfsráðgjafi
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Gunnur Elísa Þórisdóttir fulltrúi NFFG
Irena Ásdís Óskarsdóttir, forvarnafulltrúi
Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri
Snjólaug E. Bjarnadóttir, aðstoðarskólameistari og fundarritari
Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi
Valdís Von Valdimarsdóttir, NFFG